

Skólanámskrá Vallaskóla

6. bekkur



Vallaskóli

Virðing - þekking - lífsgleði

Námsgrein	Fjöldi kennslustunda á viku
Íslenska	7
Stærðfræði	5
Erlend tungumál	3
Samfélags- og náttúrugreinar	5
Lífsleikni	1
Íþróttir	2
Sund	1
List- og verkgreinasmiðjur	9
Upplýsingatækni	2
Samtals	35

Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu.

Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar.

Hlutverk íslenskukennslu, kennslu í íslensku táknmáli og máluppeldis er viðtækt og margbrotið s.s. að efla tjáningu og sköpun í rituðu og töluðu máli. Færni í notkun tungumáls, bæði móðurmáls og annarra mála, er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum. Einnig er það mikilvægt að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana. Hið sama gildir um þann sem er heyrnarskertur eða heyrnarlaus.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
Málfræði	Orðspor 2 lesbók og vinnubók Annar smellur Söguskinna Ljóðspor Veraldarvefurinn Snjallforrit - Málið í mark - Málfræðiklukk - Málsmiðjan - Ritum rétt - Orðagull	- Geti nemandi greint nafnorð í texta - Geti nemandi greint tölu nafnorða - Geti nemandi fundið stofn nafnorða - Geti nemandi unnið með greini nafnorða - Þekki nemandi muninn á hlutstæðum nafnorðum og óhlutstæðum - Þekki nemandi nafnhátt sagnorða - Þekki nemandi nútíð og þátíð sagnorða - Geti nemandi greint lýsingarorð í texta - Þekki nemandi spurnarfornöfnin - Þekki nemandi persónufornöfnin - Geti nemandi fundið stofn lýsingarorða - Þekki nemandi sérhljóða og samhljóða - Geti nemandi unnið með samheiti og andheiti orða - Þekki nemandi algenga málshætti - Þekki nemandi muninn á frumtölum og raðtölum - Geti nemandi greint kyn nafnorða - Geti nemandi fallbeygt nafnorð - Þekki nemandi sérnöfn og samnöfn - Geti nemandi greint sagnorð í texta - Geti nemandi fundið og nýtt sér í stafsetningu stofn sagnorða - Geti nemandi myndað nafnorð af sagnorðum - Geti nemandi stigbreytt lýsingarorð - Geti nemandi fallbeygt persónufornöfn	Innlagnir Sjálfstæð vinna Hópavinna Þrautalausnir Gagnvirkir vefir Verklegar æfingar Umræður og rökræða

		- Geti nemandi fallbeygt lýsingarorð - Geti nemandi raðað orðum í stafrófsröð - Þekki nemandi breiða og granna sérhljóða - Þekki nemandi algeng orðtök - Geti nemandi unnið með setningar, málsgreinar og efnisgreinar - Geti nemandi nýtt sér orðabækur og önnur uppflettirit - Þekki nemandi mun á beinni og óbeinni ræðu	
Stafsetning		- Þekki nemandi reglur um lítinn og stóran staf - Þekki nemandi reglur um n og nn - Þekki nemandi reglur um g og j - Þekki nemandi reglur um einfaldan og tvöfaldan samhljóða - Þekki nemandi reglur um gs, ks og x - Þekki nemandi reglur um ng og nk - Þekki nemandi reglur um y, ý ey (reglur um hljóðvarp) - Þekki nemandi reglur um hv og kv í upphafi orða - Þekki nemandi reglur um f og v - Þekki nemandi reglur um gs, ks og x	
Ritun		- Geti nemandi skrifað læsilega - Geti nemandi notað greinarmerki - Geti nemandi skrifað sögu með upphafi, meginmáli og niðurlagi - Geti nemandi áttað sig á hvernig á að gera stuttan útdrátt úr texta - Geti nemandi skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu - Átti nemandi sig á tengiskrift - Geti nemandi sett sér raunhæf markmið um getu í stafsetningu	
Lestur og bókmenntir		- Geti nemandi lesið sér til gagns og ánægju - Þekki nemandi ljóðstafi líkingar í ljóðum - Þekki nemandi rím orða - Geti nemandi fjallað um aðalatriði í texta - Geti nemandi lesið ljóð og túlkað - Þekki nemandi hugtökin boðskapur, söguþráður, umhverfi, tími og persónur - Geti nemandi lesið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum - Geti nemandi aflað sér upplýsinga úr bókum og rafrænu efni og unnið úr þeim	

Framsögn, tjáning, áhorf		- Geti nemandi nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnninn hátt - Geti nemandi tjáð sig skýrt og áheyrilega - Geti nemandi lesið texta skýrt og greinilega fyrir áhorfendur - Geti nemandi tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum	
Námsmat			
Leiðsagnarmat Kaflapróf Verkleg verkefni Heimanám			

Stærðfræði

Stærðfræðinám er samfelld ferli. Þekking og skilningur á hugtökum, táknum og lögmálum stærðfræðinnar þróast á löngum tíma og við margvíslega reynslu.

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Samfélag okkar einkennist af kerfum, sem byggjast á nýtingu stærðfræðinnar og því er mikilvægt að heimili og skóli vinni saman í að viðhalda jákvæðu viðhorfi til hennar. Þar má nefna kosningakerfi, kóðun upplýsinga á Netinu, staðsetningarkerfi, farsíma, veðurspár, tölvuleiki, teiknimyndir, gagnagrunna og hvers kyns tölfraðilega úrvinnslu upplýsinga. Raunvísindi og margar aðrar fræðigreinar nýta sér í ríkum mæli hugtök, niðurstöður og aðferðir stærðfræðinnar. Hæfni í stærðfræði er þannig forsenda læsis og sköpunar á flestum sviðum tækni, fræða og verkmenningar.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
Heilar tölur	Stika 2A – Stika 2B	- Þekki nemandi sætisgildi talna	Innlagnir
Tugabrot	nemendahefti,	- Geti nemandi unnið með samlagningu	Sjálfstæð vinna
Almenn brot	æfingahefti og vinnubók	- Geti nemandi unnið með frádrátt	Hópavinna
Tölfræði og líkindi	www.mms.is	- Geti nemandi unnið með talnalínur	Þrautalausnir
Mynstur	www.skolavefurinn.is	- Þekki nemandi frumtölur	Gagnvirkir vefir
Mælingar	Kubbar	- Geti nemandi unnið með tíunduhluta, hundraðshluta og þúsundustuhluta	Verklegar æfingar
Rúmmál	Speglar	- Geti nemandi unnið með margföldun og deilingu tugabrota	Umræður og rökræða
Margföldun	Lego	- Þekki nemandi þrívíð form	
Deiling	Skeiðklukkur	- Geti nemandi reiknað ummál	
Rúmfræði	Talnagrindur	- Geti nemandi reiknað rúmmál	
Flatarmál	Brotaspjöld	- Geti nemandi leyst einfaldar jöfnur	
Ummál	Ýmis stærðfræðiöpp	- Þekki nemandi almenn brot sem eru jafngild/jafnstór	
Þrívídd	Annað ítarefni	- Geti nemandi lagt saman, dregið frá og margfaldað almenn brot	
Hnitakerfi		- Geti nemandi margfaldað með tveggja stafa tölu	
Hlutföll		- Geti nemandi deilt með einni tölu	
Flutningar og hreyfingar		- Geti nemandi deilt með 10, 100 og 1000	
Horn		- Geti nemandi deilt með hnitakerfi	
		- Geti nemandi unnið með námundun og slumpureikning	
		- Geti nemandi beitt hugarreikningi	
		- Þekki nemandi negatífar tölur og geti lesið af hitamæli	
		- Geti nemandi unnið með talnarunur	

Námsmat			
Leiðsagnarmat Kaflapróf Verkleg verkefni Heimanám		- Geti nemandi reiknað út líkur - Geti nemandi unnið með samlagningu og frádrátt tugabrot - Þekki nemandi tvívíð form - Geti nemandi reiknað flatarmál - Geti nemandi reiknað yfirborðsflatarmál - Þekki nemandi helstu mælieiningar - Geti nemandi unnið með töflureikni - Þekki nemandi almenn brot sem hluta af heild og sem hluta af safni - Geti nemandi stytt og lengt almenn brot - Geti nemandi margfaldað með einni tölu - Geti nemandi margfaldað með 10, 100 og 1000 - Geti nemandi deilt með tveggja stafa tölu - Geti nemandi nýtt sér vasareikni - Geti nemandi unnið með hlutfallareikning	

Náttúrufræði

Í náttúrufræðikennslu er áhersla er lögð á að nemendur séu vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Auk þess geri þeir sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækni og öðlist tækifæri til að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manns og náttúru. Nemendur fá tækifæri til að taka afstöðu til verndunar og nýtingar náttúruauðlinda og sjálfbærrar þróunar. Rökræða álitamál sem varða umgengni við náttúruna, tækni og nýjustu vísindi. Þannig eflist þekking og skilningur nemenda á grundvallarmarkmiðum sjálfbærrar þróunar, ásamt vilja til að starfa í anda þeirra.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
Sólkerfið Myndun Íslands Landmótun Lofhjúpurn og veðrið Lofslag á Íslandi Hafið	Auðvitað Jörð í alheimi Fjaran og hafið Fuglavefurinn Hreint haf Efni á veraldarvefnum Kvikmyndir Tæki og tól við tilraunir	- Þekki nemandi reikistjörnurnar, helstu einkenni þeirra og nefnt a.m.k. fimm reikistjörnur - Geti nemandi nefnt þrjár mikilvægar staðreyndir um fjórar reikistjörnur - Þekki nemandi sólina og tunglið og hvað það er sem veldur sjávarföllum - Geti nemandi áttað sig á snúningi jarðar um sólu og ólíkar árstíðir - Geti nemandi tekið þátt í verkefnavinnu um sólkerfið - Þekki nemandi þau öfl sem mynda jörðina, jarðskjálfta, eldgos, rof ofl. - Þekki nemandi jarðskorpuflækana og staðsetningu þeirra - Geti nemandi áttað sig á því hvernig Ísland myndaðist - Þekki nemandi loftslagið á Íslandi og einkenni þess - Geti nemandi áttað sig á ólíku loftslagi í heiminum og hvaða áhrif lofthjúpurinn hefur - Þekki nemandi aldur jarðarinnar, ólíkar aldir jarðsögunnar og hvað einkennir þær - Geti nemandi áttað sig á því hvernig tilvera mannsins er háð hafinu - Geti nemandi áttað sig á helstu ógnum sem steðjar að heilbrigði hafsins - Geti nemandi áttað sig á áhrifum hnattrænnar hlýnunar á lífríki sjávar - Geti nemandi áttað sig á því hvað maðurinn getur gert til þess að stuðla að heilbrigði hafsins - Geti nemandi tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu og gert grein fyrir áhrifum þeirra á íbúa - Geti nemandi geti gert sér grein fyrir stöðu jarðar í alheiminum - Þekki nemandi helstu búsvæði í hafinu og hvaða lífverur búa á hverju þeirra - Þekki nemandi helstu tegundir hvala - Þekki nemandi helstu fisk- og krabbategundir við Ísland - Þekki nemandi helstu flokka fugla við Ísland - Þekki nemandi helstu fugla í hverjum flokki	Innlagnir Sjálfstæð vinna Hópavinna Þrautalausnir Gagnvirkir vefir Tilraunir og skýrslugerð Umræður og rökræða Ýmsar verklegar æfingar
Námsmat			
Leiðsagnarmat Kaflapróf Verkleg verkefni Heimanám			

		- Þekki nemandi ólíkar fjörur við Íslandsstrendur - Geti nemandi notað upplýsingatækni við úrlausn verkefna - Geti nemandi kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur - Geti nemandi beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum - Geti nemandi framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni - Geti nemandi sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt - Geti nemandi farið eftir reglum í útitímum - Geti nemandi gert einfalda skýrslu	
--	--	---	--

Samfélagsfræði

Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Þær eiga sér grundvöll í þeirri skyldu hvers samfélags að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf.

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum.

Hver fræðigrein innan samfélagsfræðigreina gegnir ákveðnu hlutverki. Í sögukennslu er byggt á heildstæðri og fjölbreyttri skoðun heimilda um samfélög og einstaklinga frá fortíð til samtíma. Landafræðin fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum með hliðsjón af víxlverkun manns og náttúru. Trúarbragðafræði er ætlað að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum og ólíkum trúarhefðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi. Lífsleikni kennir hvernig mögulegt er að rannsaka siðræn gildi, efla siðvit og ræða saman um siðferðileg álitamál

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
Landafræði - Norðurlönd	Norðurlöndin Frá Róm til Þingvalla Þingvellir (rafbók mms.is) Skálholt Hólar Valið efni af veraldarvefnum Hindúatrú Gyðingdómur Valið efni í kristinni trú Lífið í Ásgarði Flóttamenn og farandfólk Fordómar og þröngsýni Olweusnámsefni	- Kunni nemandi skil á helstu kennileitum Norðurlandanna - Þekki nemandi höfuðborgir Norðurlandanna - Þekki nemandi helstu atvinnu- og útflutningsgreinar Norðurlandanna - Þekki nemandi fána Norðurlandanna - Þekki nemandi megineinkenni gróðurfars og loftlags Norðurlandanna - Þekki nemandi landfræðilega legu Norðurlandanna - Þekki nemandi stjórnarfar á Norðurlöndum og menningu - Þekki nemandi tungumál og trúarbrögð á Norðurlöndunum og gert samanburð - Geti nemandi áttað sig á samstarfi og sameiginlegum hagsmunum Norðurlandþjóðanna - Geti nemandi gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar. - Geti nemandi áttað sig á áhrifum Golfstraumsins á veðurfar - Geti nemandi aflað sér heimilda á netinu, í bókum og víðar og nýti sér þær í verkefnavinnu. - Geti nemandi nýtt sér landakort til gagns - Geti nemandi notað mikilvæg hugtök sem fjalla um mikilvæg menningar- og samfélagsmálefni - Geti nemandi notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga - Geti nemandi unnið í hópastarfi og samvinnu.	Innlagnir Sjálfstæð vinna Hópavinna Verklegar æfinga Umræða og rökræða Vettvangsferðir

Saga		- Átti nemandi sig á sögu Rómaveldisins - Átti nemandi sig á tímalínu frá rómverjum til riddara - Átti nemandi sig á sögu víkinga og landnámsmanna - Átti nemandi sig á sögu Íslendinga í heiðni og kristni - Átti nemandi sig á siðaskiptunum og kristnitöku á Íslandi - Geti nemandi greint frá stofnun alþingis á Íslandi - Geti nemandi greint frá sögu Skálholts sem biskupsseturs - Geti nemandi greint frá hátíðum sem haldnar hafa verið á Þingvöllum - Geti nemandi greint frá nokkrum biskupum sem verið hafa á Íslandi - Geti nemandi greint frá sögu Hóla sem biskupsseturs - Geti nemandi gert sér grein fyrir hlutverki biskups Íslands - Geti nemandi greint frá sögu Þingvalla sem þingstaðar	
Trúarbragðafræði		Átti nemandi sig á ólíkum gildum trúarbragða og temji sér umburðarlyndi gagnvart ólíkum gildum og hefðum Geti nemandi borið kennsl á ólík trúarbrögð Ásatrú: - Þekki nemandi lífið í Ásgarði samkvæmt ásatrúnni - Geri nemandi sér grein fyrir helstu persónum í Ásgarði - Geti nemandi sagt frá klækjum Loka og afkvæma hans í ásatrúnni - Geti nemandi sagt frá viskubrunninum og ragnarökum í ásatrúnni Hindúatrú: - Þekki nemandi lífsýn hindúa - Þekki nemandi helstu helgirit hindúa - Þekki nemandi helgistaði og musteri hindúa - Þekki nemandi helstu guði og gyðjur hindúa - Þekki nemandi rætur hindúatrúar - Þekki nemandi helstu hátíðir hindúa - Geti nemandi gert sér grein fyrir trúnni í daglegu lífi hindúa	

		Gyðingtrú: - Átti nemandi sig á upphafi gyðingtrúar - Þekki nemandi sögu ofsókna á hendur gyðinga - Þekki nemandi helstu helgirit gyðinga - Þekki nemandi merkisdaga ársins hjá gyðingum - Þekki nemandi sögu fyrirheitna landsins hjá gyðingum - Geti nemandi greint frá því hvaða þátt trúin spilar í daglegu lífi gyðinga - Þekki nemandi helgistaði gyðinga Kristin trú: - Þekki nemandi sögu Jesú - Þekki nemandi helstu kennisetningar kristinnar - Þekki nemandi tákn og helga dóma kristinnar - Þekki nemandi hátíðir og siði	
Lífsleikni		- Þekki nemandi stöðu flóttafólks í heiminum - Geti nemandi sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn - Geti nemandi borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta - Geti nemandi rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga án fordóma - Geti nemandi metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt - Geti nemandi gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og þýðingu þess - Geti nemandi sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju - Geti nemandi tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt - Geti nemandi nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu - Geti nemandi lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans - Átti nemandi sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum - Geti nemandi tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti - Geti nemandi sett sér markmið og gert áætlanir - Geti nemandi tjáð þekkingu sína og viðhorf einn sér og í samstarfi við aðra - Geti nemandi sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum við aðra - Geti nemandi rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra	

Námsmat		- Geti nemandi lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund - Geti nemandi gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum - Geti nemandi lýst ýmsum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun - Geti nemandi metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra - Geti nemandi tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu - Geti nemandi rætt um reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum	
Leiðsagnamat			
Kaflapróf			
Verkleg verkefni			
Heimanám			
Virkni í tímum			

Enska

Tungmálanám er mikilvægt því með því öðlast nemendur alhliða hæfni til að nota tungumálið sem verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum.

Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt er að hafa gott vald á henni þegar nemendur koma í menntaskóla og háskóla. Auk þess sem ör þróun á sviði stafrænnar fjölmiðlunar og upplýsingatækni hefur í för með sér að Íslendingar hafa aðgang að alls kyns efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
Hlustun, skilningur og samskipti	Ready for action, lesbók og vinnubók Málfræði hefti B Amazing animals World of records Out in space Dickory Léttlestrarbækur Snara.is (veforðabók) Verkefni í smáforritum Efni af veraldarvefnum Hlustunarefni Ýmis námsspil Ljósrit frá kennara	- Skilji nemandi munnleg fyrirmæli og spurningar um daglegt líf - Skilji nemandi og noti algeng orðasambönd daglegs máls - Skilji nemandi í meginatriðum efni sem tengist daglegu lífi - Skilji nemandi í meginatriðum efni sem tengist viðfangsefnum námsins - Skilji nemandi orðaforða sem notaður er í tali um klukkuna og tíma - Þekki nemandi mánaðaheitin - Geti nemandi lesið og skilið stutta einfalda texta með grunnorðaforða - Skilji nemandi megininntak í stuttum einföldum frásögnum - Geti nemandi lesið auðlesna texta af ýmsum gerðum sem innihalda algengan orðaforða - Geti nemandi fundið lykilupplýsingar í texta - Geti nemandi átt samtal af öryggi og veigrar sér ekki við að spyrja kennara eða samnemendur spurninga tengdar námsefninu - Geti nemandi tekið þátt í einföldum leikjum á ensku - Geti nemandi spurt bekkjarsystkini spurninga sem snúa að daglegu lífi og sömuleiðis svarað þeim - Geti nemandi endursagt eftir að hafa hlustað á frásögn - Geti nemandi greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv. - Geti nemandi sagt hnökralítið frá eigin reynslu, framtíðaráformum og skoðunum	Bein kennsla Hlustun Lestur Einstaklingsverkefni Hópverkefni Stöðvavinna Leikir Ritun Tjáning Paravinna Umræður
Ritun, menningarläsi og námshæfni		- Geti nemandi stafsett flest algengustu orðin - Geti nemandi tengt saman einfaldar setningar - Geti nemandi skrifað stutta atburðarás frá eigin brjósti	

		- Geti nemandi notað greinamerki í gerð setninga s.s. spurningarmerki, punkta og stóran staf - Geti nemandi nýtt sér hjálpartæki eins og leitarvélar og veraldarvefinn - Geti nemandi skrifað mánaðaheitin - Geti nemandi beitt sjálfsmati á eigin vinnu - Geti nemandi tengt fyrri þekkingu við ný viðfangsefni	
Málfræði		- Geti nemandi notað óákveðinn og ákveðinn greini á réttan hátt - Geti nemandi unnið með eintölu og fleirtöluorð - Þekki nemandi raðtölur - Þekki nemandi persónufornöfn - Þekki nemandi forsetningar - Þekki nemandi eignarfornöfn - Geti nemandi notað sögnina <u>to do</u> á réttan hátt - Geti nemandi notað sagnir í nútíð/pátíð, eintölu og fleirtölu - Geti nemandi þýtt sagnir frá íslensku yfir á ensku - Geti nemandi stigbreytt lýsingarorð - Geti nemandi notað spurnarorð á réttan hátt - Geti nemandi stytt fornöfn og sögnina <u>to be</u> með úrfellingakommu - Geti nemandi notað sögnina <u>to have</u> á réttan hátt	
Námsmat			
Leiðsagnarmat			
Skrifleg próf og verkefni			
Munnleg könnun			
Sjálfsmat			

Danska

Tungmálanám er mikilvægt því með því öðlast nemendur alhliða hæfni til að nota tungumálið sem verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum.

Annað erlenda tungumálið sem nemendur læra í grunnskóla er danska eða annað Norðurlandamál, hafi nemandi búið á Norðurlöndunum. Norðurlandamál eru kennd í grunnskólum vegna samskipta og menningartengsla við norrænar þjóðir. Saga okkar er samofin sögu þeirra og menningu. Menningararfurinn er sameiginlegur og tungumálin eru af sömu rót sprottin. Samfélagsgerð þjóðanna byggir á sömu gildum og grundvallast á lýðræði, samvinnu og jafnrétti. Tilgangurinn er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandapjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið t.d. að menntun og atvinnu í öllum Norðurlöndunum.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
Orðaforði sem tengist: - Norðurlöndunum - líkamanum - fjölskyldan - heimilinu - fatnaði - fylgihlutum - vikudagar - mánuðir - árstíðir - afmæli - klukkan - Lestu á einföldum textum	Start lesbók og vinnubók Ýmis snjallforrit Verkefni á veraldarvefnum Hlustunaræfingar Tónlist Kvikmyndir og þættir	- Geti nemandi leyst einfaldar hlustunaræfingar eftir að hafa hlustað á texta - Geti nemandi brugðist við beiðnum kennara á dönsku - Geti nemandi lesið stutta einfalda texta og nýtt efni tengt honum í verkefnum - Geti nemandi tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtöl t.d. sem myndband - Geti nemandi sagt frá hvaðan hann kemur og fjölskyldu sinni, þekkt líkamshluta, liti, föt og geti sagt frá mánuðum og tíma - Geti nemandi talið reiprennandi frá 1 – 20 - Geti nemandi skrifað stuttan texta a.m.k. 30 – 50 orð um sjálfan sig og fjölskylduna - Geti nemandi áttað sig á að mörg algeng orð eru lík og skyld orðum í norsku, sænsku og íslensku - Geti nemandi skráð glósur í hugtakakort og með þýðingum - Geti nemandi nýtt sér hjálpartæki s.s. orðabækur á veraldarvefnum - Geti nemandi beitt sjálfsmati á vinnusemi og vinnubrögð	Bein kennsla Hlustunarefni Hlutverkaleikir Spil Ritun Umræður Paravinna Einstaklingsvinna Glósutækni

Námsmat			
Leiðsagnarmat			
Orðaforðakannanir - thatquiz			
Munnlegar kannanir			
Sjálfsmat			
Ritunarverkefni			
Verkefnabók – skylduverkefni			
Lesskilningur			

Forritun

Forritun er fag sem er í mjög örri þróun, nýjungar í búnaði og aðferðafræði við úrlausn verkefna eru stöðugt að koma fram. Breytingar eru því bæði miklar og tíðar þannig að erfitt er að fylgjast með þróuninn. Notagildið í tölvum nútímans felst ekki einungis í ritvinnslu og leikjum, þær eru í snjalltækjunum okkar, í þvottavélunum og ísskápunum, í bílunum okkar og á vinnustöðum. Þetta eru bara nokkur dæmi en tölvur eru allt í kringum okkur og notkun þeirra og notagildi er bara að aukast. Forritunarkóðar byggja upp þennan stafræna heim fyrir allar þessar tölvur og væri þetta ekki mögulegt nema fyrir það að einhverjir hanna þessa kóða. Með þessari aukningu á notkun forritunarkóða í daglegu lífi verður einnig aukning á störfum tengdum forritunarvinnu.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
	Gagnvirt efni Kennsluforrit Snjallforrit Vafri - aðgerðahnappar	- Geti nemandi nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt - Geti nemandi farið eftir reglum um ábyrga netnotkun - Geti nemandi tekið ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á neti- og netmiðlun - Geti nemandi nýtt hugbúnað eða forrit við myndvinnslu og hljóð- og tónvinnslu	Innlagnir Sjálfstæð vinna Samvinna Gagnvirkir vefir
Námsmat			
Leiðsagnarmat Verklegr verkefni Virkni og vinnusemi			

Upplýsingatækni

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Megintilgangur kennslunnar er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Nýta sér ýmis tæki og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi til þess að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Nemendur verða þannig læsir á texta, myndir og töluleg gögn, ná góðri tæknifærni fingrasetningu og hæfni á sviði upplýsinga- og miðlalæsis.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
Vinnulag og vinnubrögð	Gagnvirt efni á mms.is Ritvinnsla Kennsluforrit: - Fingrasetning - word - power point - exel	- Geti nemandi sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn. - Kunni nemandi umgengnisreglur sem gilda um tölvukost skólans. - Geti nemandi nýtt sér tölvur og tækjabúnað skólans sér til gagns og ánægju s.s. til lesturs, hlustunar, áhorfs og leitarnáms. - Hafi nemandi kynnist undirstöðuatriðum í myndvinnslu. - Geri nemandi sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á tækni- og hugbúnaði. - Hafi nemandi aukið við orðaforða sem tengist tölvum og neti. - Geti nemandi skráð sig inn á net, drif eða ský.	Innlagnir Sjálfstæð vinna Samvinna Gagnvirkir vefir Verklegar æfingar
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	Vefskoðarar - aðgerðahnappar Fingrafimi – heimalyklar Teikniforrit Kynnast Teams Kynnast Google classroom	- Geti nemandi leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu. - Geti nemendi nýtt sér rafrænt og gagnvirk tækni. - Hafi nemandi þjálfað gagnrýna hugsun í upplýsingaleit. - Geti nemandi nýtt upplýsingatækni og hugbúnað við uppbyggingu einfaldra verkefna. - Geti nemandi unnið með heimildir. - Hafi nemandi þjálfað gagnrýna hugsun varðandi myndefni í upplýsingaleit.	
Tækni- og búnaður		- Geti nemandi notað hugbúnað eða forrit við einföld ritunarverkefni - Geti nemandi notað hugbúnað eða forrit við umbrotsverkefni. - Geti nemandi notað einfaldan hugbúnað eða forrit við myndvinnslu.	
Siðferði og öryggismál		- Geti nemandi farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra. - Sýnir nemandi ábyrgð í meðferð upplýsinga.	

Námsmat			
Leiðsagnarmat Verkleg verkefni Virkni og vinnusemi			

Heilsufræði

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í skólum þarf að skapa heilsuefandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Í heilsufræði er lögð áhersla á að styrkja jákvæða sjálfsmynd nemenda, hreyfingu þeirra, næringu, hvíld, andleg vellíðan og hreinlæti. Einnig er lögð áhersla á að nemendur geti sett sér markmið og eflist í eigin ákvarðanatöku. Fjallað um mikilvægi gagnrýnnar hugsunar t.d. í tengslum við umfjallanir fjölmiða sem geta haft áhrif á líðan og sjálfmynd nemenda. Heilsufræði veitir fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapar öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
Lifnaðarhættir Útileikir Hreyfing	Verkefni leikjabækur Efni af veraldarvef	- Þekki nemandi hollt mataræði - Hafi nemandi tileinkað sér heilsusamlegar samgöngur - Geti nemandi gert sér grein fyrir því hvað heilsa er og heilbrigði - Geti nemandi gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar hvíldar	Verklegar æfingar Verkefnavinna
Námsmat			
Leiðsagnarmat Sjálfsmat nemenda Mat á verkefnum nemenda			

Heimilisfræði

Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, jafnrétti, hagsýni, fjármálalæsi, neytendavitund og verndun umhverfis. Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda með markvissri fræðslu um hollustu og holla matargerð. Þekking og leikni í heimilisstörfum er kjarni heimilisfræðinnar og honum tengjast allir þættir námsins, fræðilegir sem verklegir

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
	Tæki og áhöld greinarinnar Efni frá kennara Heiti áhalda Veraldarvefurinn	- Þekki nemandi muninn á hollri fæðu og óhollri - Geti nemandi gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar heilsu - Geti nemandi valið rétt áhöld í heimilisfræði - Þekki nemandi helstu áhöld í heimilisfræði - Geti nemandi notað einfalda matar- eða kökuuppskrift - Geti nemandi notað tusku og viskastykki á réttan hátt og skilji mikilvægi hreinlætis - Geti nemandi farið eftir reglum í heimilisfræðistofu	Innlagnir Sjálfstæð vinna Samvinna Gagnvirkir vefir Verklegar æfingar Sýnikennsla
Námsmat			
Leiðsagnarmat Verkleg verkefni Vinnubók Virkni og vinnusemi			

Leiklist

Menntun í leiklist snýst um að þjálfar nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
	Hljóðfæraleikhúsið (bók, mms.is) Andlitsmálun Ýmis hljóðfæri Búningar og leikmunir	- Geti nemandi nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar - Geti nemandi flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur. - Geti nemandi beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum) - Geti nemandi tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt tillitsemi - Geti nemandi nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. - Geti nemandi skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu - Geti nemandi rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag - Geti nemandi sýnt fram á tækni á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu. - Geti nemandi sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum	Leikir Verklegar æfingar Samvinna
Námsmat	Íslenskar kvikmyndir svo sem Jón Oddur og Jón Bjarni.		
Leiðsagnarmat	Handrit af mms.		
Verkleg verkefni	Handrit sem nemendur vinna uppúr þjóðsögum		
Virkni og vinnusemi	Búningar úr búningageymslu		

Myndmennt

Í myndmennt öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýnni hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflið. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins.

Myndmennt er í eðli sínu skapandi námsferli. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list jafnframt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýnni skilning á heiminum. Með markvissri myndmennt er hægt að viðhalda og þróa þann hæfileika sem börn nota frá unga aldri, að segja sögu myndrænt. Til þess að svo megi verða þurfa kennarar að veita nemendum tækifæri til að taka áhættu til að stuðla að þróun skapandi hugsunar og ímyndunarafls

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
Sköpun Skissuvinna Heiti áhalda	Tæki og áhöld greinarinnar Efni frá kennara Fjölbreyttur efniviður s.s.: - Þekjultitir - Vatnslitir - Tússlitir - Trélitir - Sandleir	- Geti nemandi gert skissur og öðlist skilning á mikilvægi þeirra sem hluta af vinnuferli - Geti nemandi teiknað hluti eftir fyrirmynd, s.s. uppstillingu - Geti nemandi skoðað mynddæmi um verk unnin í anda impressjónisma og geti lýst einkennum hans - Geti nemandi unnið með stærðir og hlutföll - Geti nemandi nýtt sér mismunandi efni og verkfæri í eigin sköpun, s.s. málun, kolakrít, pastelliti, mynstur, tússliti, trélit, penna - Geti nemandi beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir	Innlagnir Sjálfstæð vinna Samvinna Gagnvirkir vefir Verklegar æfingar Sýnikennsla
Námsmat			
Leiðsagnarmat Verkleg verkefni Virkni og vinnusemi	Skapandi forrit í tölvum Veraldarvefurinn		

Hönnun og smíði

Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
Sköpun Skipulagning Heiti áhalda Ýmislegt handverk	Tæki og áhöld greinarinnar Efni frá kennara Fjölbreyttur efniviður: - Birkikrossviður - Fura	- Virði nemandi umgengnisreglur smíðastofunnar - Kunni nemandi að vinna eftir skriflegum leiðbeiningum - Geti nemandi valið verkfæri sem hæfa viðfangsefni - Geti nemandi útfært verkefni - Þekki nemandi sagir og hefur þjálfast í noktun þeirra - Hafi nemandi öðlast sjálfstæði í hönnun - Getur nemandi notað súluborvél á öruggan hátt - Sýni nemandi öryggi í notkun verkfæra á smíðastofunni	Innlagnir Sjálfstæð vinna Samvinna Gagnvirkir vefir Verklegar æfingar
Námsmat	Skissuvinna		
Leiðsagnarmat Verklegr verkefni Virkni og vinnusemi	Veraldarvefurinn		

Textíl

Námsgreinin textílmenn er yfirgrípsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjáfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílmenn á sér djúpar fætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
Sköpun Hönnun	Tæki og áhöld greinarinnar Leiðbeiningar/uppskriftir/snið frá kennara Veraldarvefurinn	- Geti nemandi fitjað upp lykkjur - Geti nemandi prjónað slétt prjón - Geti nemandi prjónað brugðið prjón - Geti nemandi prjónað úrtöku - Geti nemandi prjónað með 5 prjóna í hring	Innlagnir Sjálfstæð vinna Samvinna Gagnvirkir vefir
Námsmat	Kennslumyndbönd	- Geti nemandi gengið frá endum í prjónalesi	Verklegar æfingar
Leiðsagnarmat Verkleg verkefni Virkni og vinnusemi	Hringprjónar og sokkaprjónar Prjónagarn		

Skólaíþróttir

Í skólaíþróttum er lögð áhersla á að börnum og ungmennum sé kynnt hvað felst í heilbrigðum lífsháttum og góðum samskiptum auk þess að byggja upp jákvæða sjálfsmynd þeirra. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Með áherslu á daglega hreyfingu og markvissa hreyfipjálfun, er lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar. Í skólaíþróttum fá nemendur fræðslu um mikilvægi hreyfingar og þess að setja sér markmið. Einnig tengist þessari kennslu fræðsla um hreinlæti, líkamlega umhirða, fræðsla um kynímyndir og staðalmyndir ásamt umræðu um einelti og annað ofbeldi.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
Sund	Skipulagðir og frjálsir leiki Ýmsar æfingar frá kennara	- Geti nemandi synt 200m – frjáls aðferð - viðstöðulaust - Geti nemandi synt 50m skólabaksund – stílsund - Geti nemandi synt 25m skriðsund – stílsund - Geti nemandi synt 25m bringusund á tíma. Tímalágmörk 35,0 sek - Geti nemandi synt 25m baksund - stílsund - Geti nemandi synt 8m kafsund - Geti nemandi framkvæmt stungu bakka - Geti nemandi kafað eftir hlut á 1-2m dýpi eftir 5m sund - Geti nemandi synt 15m björgunarsund (skólabaksundsfótatök)	Verkleg kennsla í og við íþróttahús. Sýnikennsla Samvinnunám Einstaklingsnám
Íþróttir		- Geti nemandi tekið þátt í æfingum og leikjum sem notast við eigin líkamspunga til styrktarþjálfunar - Geti nemandi tekið staðlað þolpróf, Multistage fitness test. Markmið að ná a.m.k. þrepi 5 - Geti nemandi tekið þátt í æfingum og leikjum sem auka og efla þol, samhæfingu og snerpu - Geti nemandi tileinkað sér rétta tækni við vöðvateygjur og liðkandi æfingar	
Námsmat			
Verkleg próf Símat Mæting og virkni Hegðun og framkoma			

Zumba

Dansinn er mikilvæg leið til þess að hlúa að og örva hreyfi-, rýmisgreind og félagsþroska og veita þannig einstaklingnum aukið tækifæri til að þroska sig og mennta og auka líkamsvitund. Mikinn hluta þekkingar sem börn tileinka sér í lífinu er í gegnum líkamlega hreyfingu og danskennsla helst í hendur við íþróttakennslu, en bætir við þekkingu á sköpun og líkamlegri tjáningu. Í Zumbadansi er hreyfigreind nemenda styrkt í gegnum dans. Nemendur læra ýmis dansspor og í leiðinni eru þeir hvattir til að hreyfa sig, tjá sig og skapa með líkamlegri tjáningu.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar:	Námsleiðir
Líkamleg tjáning Samhæfing í hreyfingu		- Geti nemandi beitt líkama sínum markvist í dansi og hreyfingu sjálfum sér til ánægju - Geti nemandi tjáð sig í dansi, tengt saman hreyfingu, túlkun og tónlist - Geti nemandi dansað grunnspor í zumbadansi	Sjálfstæð vinna Samvinna
Námsmat			
Leiðsagnarmat Verkleg verkefni Virgni og vinnusemi			